

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 10.03.2016

---

**Mættir: Hrannar, Bergþór, Maggý, Sigrún Heiða, Sveinn Rúnar, Sylviane, Védís, Þórður og Anna Gunnhildur.**

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(SHB).**  
Fundargerðin var lesin upp og samþykkt án athugasemda.
- 2. Leyst úr Læðingi, reifun (HJ).**  
Alls mættu 230 gestir á málþingið. Almenn ánægja var með framkvæmdina.
- 3. Umsókn um rekstar- og verkefnastyrk til ÖBÍ (HJ, AGÓ).**  
Samþykkt var að sækja um fullan rekstrarstyrk og verkefnastyrk til fjögurra verkefna, þ.e. Réttindagáttar, Útmeð'a myndbands, forvarnarfræðslu um sjálfsvíg fyrir kennara og aðra fræðara og málþingsins *Yfir strikið* um ofgreiningar og lyfjanotkun í júní. Upphæðin nemur samtals 4.620.000 kr.
- 4. Fulltrúar Geðhjálpar á Stefnuþingi ÖBÍ (HJ, AGÓ).**  
Samþykkt var að Hrannar, Sveinn Rúnar, Maggý og Anna Gunnhildur yrðu fulltrúar Geðhjálpar á Stefnuþinginu 15. og 16. apríl.
- 5. Tilnefning fulltrúa Geðhjálpar í málefnaþóp ÖBÍ um sjálfstætt líf (HJ).**  
Tilnefndar verða Sigrún Heiða Birgisdóttir og Védís Drafnardóttir af hálfu Geðhjálpar.
- 6. Ársreikningur, ársskýrsla, lagabreyting (HJ, AGÓ).**  
Almenn ánægja var með niðurstöður ársreikningsins, m.a. aukningu annarra tekna um ríflega 24 milljónir milli árana 2014 til 2015. Athygli vakti þróttmikil starfsemi og aukinn sýnileiki í yfirliti yfir fjölmiðlaumfjöllun í ársskýrslunni. Fundarmenn voru sammála um að samræma formlegt heiti Geðhjálpar í Landssamtökin Geðhjálp í lögum samtakanna.
- 7. Sundurliðun kostnaðar Fjölmennar vegna menntunarræða fyrir fólk með geðfötlun (HJ).**  
Athygli vakti að Fjölmenn gefur upp kostnaður vegna sameiginlegra námskeiða fólks með geðfötlun og þroskaskerðingu úti á landsbyggðinni í yfirliti yfir kostnað vegna menntunarræða fólks með geðfötlun. Stjórnin var sammála um að brýnt væri að Geðhjálp fengi fulltrúa í stjórn Fjölmennar. Haldið verður áfram að vinna í málinu.
- 8. Kostnaðaráætlun vegna komu Gabor Maté til Íslands (HJ).**  
Samþykkt var að styrkja málþingið um 400.000 kr. gegn því að fá 40 sæti fyrir félagi í Geðhjálp. Tryggt verður að stjórnarmenn fái miða á málþingið.

**9. Framboð til stjórnar á aðalfundi 19. mars (HJ).**

Stjórnarmenn voru hvattir til að benda vænlegum frambjóðendum að bjóða sig fram í stjórnina.

**10. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri reifaði hugmyndir um fram hald Útmeð'a verkefnisins, þ.e. myndband með áherslu á ungar konur, dýpkun sjálfsvígsforvarnarsíðu og fræðslu til fræðara.

**Fundi var slitið um kl. 19.00.**